

SKÁTABLAÐIÐ
SÓLSTAFIR

DAGLEGAR FRÉTTIR AF LANDSMÓTI SKÁTA

DAILY NEWS FROM THE ICELANDIC NATIONAL JAMBOREE



Velkomin á Landsmót skáta þar sem við erum öll saman á norðurslóð! Nú þegar hefur risið glæsileg tjaldbúð á svæðinu og heimili okkar næstu vikuna er orðið fullt af lífi. Mikið verður gaman að sjá þetta litla skátasamfélag taka á sig mynd á næstu dögum. Næstu dagar verða stútfullir af spennandi dagskrá. Skemmtið ykkur vel, nýtið hvern einasta dag, verið opin fyrir nýjum upplifunum og njótið þess að lifa í sátt og samlyndi með öðrum skátum frá öllum heimshornum.


Welcome to the Icelandic national Jamboree where we're all heading due north together! An amazing camp has already popped up and our home for the next week is full of life. It will be great fun to see this small scouting community take shape in the coming days. The next few days will be packed with exciting events. Have fun, enjoy every single day, be open to new experiences and enjoy living in harmony with other scouts from all corners of the world.

Til að senda inn tilkynningu eða efni í blaðið getur þú eða foringinn þinn skannað kóðann. Þín hugmynd gæti orðið fyrir valinu!



To send an announcement or content to the paper you or your leader can scan the QR code. Your idea might be chosen!

Tune in to FM 105.5, listen in the "Spilarinn" app or on spilarinn.is



Hlustaðu á FM 105.5, í „Spilarinn“ appinu eða á spilarinn.is

KVEÐJA FRÁ RITSTJÓRN SÓLSTAFA

GREETINGS FROM THE EDITORIAL

Landsmótsblaðið hefur lengi verið hefð innan skátahreyfingarinnar. Tilgangur blaðsins er að innræma það samfélag sem skapast á landsmóti, deila hagnýtum upplýsingum, myndum og skemmtilegum sögum af mótinu. Blaðið kemur út á hverjum degi og má finna víðsvegar á mótsvæðinu.

Sólstafir verða til þegar sólarljós skín gegnum fjarlæg fjallaskörð eða rof í skýjum. Líka þegar ritstjórnin sendir blaðið í prentun. Sólstafir vísa til þema mótsins - á Norðurslóðum og það jafnast einfaldlega ekkert á við íslenska sumarið. Sól er birta, birta er gleði og blaðinu er ætlað að vera sannkallaður gleðigjafi fyrir ykkur, kæru lesendur!

The Jamboree paper has long been a cherished tradition within the scout movement. Its purpose is to capture the spirit of the community that comes alive here; sharing practical information, photos, and great stories from camp. The paper comes out every day and can be found all around the campsite.

Sólstafir (Sun rays) appear when sunlight breaks through distant mountain ridges or gaps in the clouds. And also when the editorial team sends the paper to print. Sólstafir echo the theme of the Jamboree — the Arctic North — and nothing quite compares to an Icelandic summer. Sun is light, light is joy, and this paper is meant to be a true source of joy for you, dear reader!



SJÁLFBODALÍÐAR DAGSINS

1. Hvaða skátafélagi tilheyrir þú?
2. Hvað er mest spennandi á mótinu?
3. Hvert er þitt hlutverk á mótinu?



Hrefna Hjálmarsdóttir, 83

1. Garðbúar, Reykjavík
2. Hitta fólk og fylgjast með skátalífinu
Meet people and witness the scouting life
3. Móttaka á Minjasafninu og fer með fjölskylduskáta í göngu í Kjarnaskógi
I welcome scouts to the Akureyri Museum and go hiking in Kjarnaskógur with family scouts.



Kristín Helga, 29

1. Vífill, Garðabær
2. Stemningin á kvöldvökum
The mood at campfires
3. Ég er yfir sjúkragæslunni
I am in charge of the first aid



James, 25

1. Skátasambandið í Hong Kong
NSO in Hong Kong
2. Hlakka til að kynnst íslenskri skátamenningu
Looking forward to get to know Icelandic scouting culture
3. Ég er í öryggisgæslu
Im in security



Ef þú værir veður, hvernig veðurfar værir þú og afhverju?

Meðlimir mótsstjórnar svöruðu þessari mikilvægu spurningu!

If you were a type of weather, what weather would you be and why?

Members of the Jamboree Committee answered this important question!



Ingibjörg

Mótsstjóri

"Hægur andvari. Ég nálgast hluti rólega og án þess að gera of mikið veður úr þeim"

Camp Chief

"Gentle breeze. I approach things calmly and without making too much of a fuss about them"



María

Meðstjórnandi

"Hlý gola og bjart með köflum. Ég reyni að mæta öllum með hlýju og er bjartsýn að eðlisfari"

Co-director

"Warm breeze and bright with sections. I meet everyone with warmth and am optimistic by nature"



Védís

Kynningamálastjóri

"Sólskin með norðangarra. Ég er glöð og jákvæð, norðangarrinn kemur þegar það er mikið að gera"

Media Manager

"Sunshine with norðangarri, a strong and cold wind. I am happy and positive, the wind comes when I'm busy"



Jóhann

Dagskrárstjóri

"Skafrenningur"

Program director

"Skafrenningur, snow blowing along the ground"



Berglind Lilja

Dagskrárstjóri

"Hnjúkaþeyr: Hlýr og þurr vindur ofan af fjöllum, á það til að koma í hviðum, eins og tölvupóstur frá mér"

Program director

"Hnjúkaþeyr, a warm wind from the mountains that comes in gusts, like emails from me"



Anna Kristjana

Tæknistjóri

"Skýjað með léttri голу"

Technical Director

"Cloudy with a light breeze"



Una Guðlaug

Mannauðsstjóri


"Hlýtt og bjart veður, án glampandi sólar, með mögulegri rigningu, því það er notalegt"

Staff Manager

"Warm and bright weather, without direct sun, with a chance of rain, because it's pleasant"



Stjörnuspá 21.-22. júlí



22/12 - 19/01

Steingeit *Capricorn*

Eitthvað óvænt gerist í kvöld
Something unexpected happens tonight

20/01 - 18/02

Vatnsberi *Aquarius*

Þú finnur eitthvað fallegt í náttúrunni
You will find something beautiful in the nature!

19/02 - 20/03

Fiskar *Pisces*

Þú eignast nýjan vin
You will make a new friend

21/03 - 19/04

Hrútur *Aries*

Þú færð nýtt áhugamál á mótinu
You will discover a new hobby in the Jamboree

20/04 - 20/05

Naut *Taurus*

Blár er happaliturinn þinn í dag
Blue is your charm of luck today

21/05 - 20/06

Tvíburar *Gemini*

Þú týnir einhverju en finnur það aftur
You will lose something but luckily find it again

21/06 - 22/07

Krabbi *Cancer*

Þú gerir eitthvað frumlegt og skapandi í dag!

The goddess of creativity is with you!

23/07 - 22/08

Ljón *Leo*

Þú færð eitthvað æðislegt í kvöldmat
You will love dinner tonight

23/08 - 22/09

Meyja *Virgo*

Þú hefur mikla orku í dag
You have a lot of energy today

23/09 - 22/10

Vog *Libra*

Þú ert í happaskónum þínum í dag
You are in your lucky shoes today

23/10 - 21/11

Sporðdreki *Scorpio*

Þolinmæði þrautir vinnur allar
Be patient today, it will pay off

22/11 - 21/12

Bogmaður *Sagittarius*

Dagurinn verður spennandi ævintýri

Your day will be an exiting adventure



HVERNIG ER VEDRIÐ Í DAG?
HOW IS THE WEATHER?



Hjálpíð skátanum *Help the scout head*
að komast á norðurslóð! *due north!*

